

Þriðjudaginn 7. maí 1974.

Nr. 85/1974: Mosfellshreppur

gegn

Borgarsjóði Reykjavíkur vegna

Hitaveitu Reykjavíkur.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr og Legi Einarsson.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl., sbr. j lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. apríl 1974, sem barst Hæstarétti 29. s. m. Krefst hann þess, að úrskurði fégetadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 8. apríl 1974, „um frest til handa gerðarpola verði hrundið og verði fégetarétturinn skyldaður að taka málið til efnisúrskurðar“. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Í hinum kærða úrskurði greinir ekki aðilja máls, og málsatvikum og málsástæðum er ekki lýst. Þá er úrskurðurinn lítt rökstuddur. Hefur héraðsdómari ekki gætt ákvæða 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara galla á úrskurðinum verður ekki hjá því komist að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 8. apríl 1974.

Lögmaðurinn (þ. e. lögmaður gerðarpóla) telur sig ekki geta mætt til munnlegs málflutnings sökum embættisanna. Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælir fresti þessum og krafðist efnisúrskurðar í málinu.

Eftir atvikum leit fógæti svo á, að rétt væri að veita lögmanni gerðarpóla frest til að flytja mál sitt munnlega fyrir fógætaréttinum. Var þar haft í huga, að miklir hagsmunir gerðarpóla eru við það bundnir, að mál hans verði munnlega flutt.

Þar sem algerlega er áskipað á tíma fógæta á morgun og miðvikudag, verður að fresta málinu til þriðjudags 16. apríl, klukkan 1330.

Því úrskurðast:

Munnlegur málflutningur í máli þessu skal fara fram þriðjudaginn 16. apríl 1974, klukkan 1300.

Miðvikudaginn 8. maí 1974.

Nr. 146/1973: Ákærvaldið

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn

Viggó Sigurjónssyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Líkamsmeiðingar, 217. gr. alm. hegningarlaga. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni þau, er í héraðsdómi greinir, komið fyrir dóm og staðfest vætti sín með eiði. Ákærði